

Sp.

78. Tillaga til þingsályktunar

[59. mál]

um afurðalán.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Björn Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að afurðalán verði veitt út á framleiðslu niðursoðinna og niðurlagðra sjávarafurða, flakaðs og heilfrysts kola og saltaðra grásleppuhrogna. Verði afurðalán þessi hlutfallslega jafnhá þeim afurðalánum, sem á hverjum tíma eru almennt veitt vegna framleiðslu frystihúsa og annarra framleiðslustöðva.

Greinargerð.

Sú venja hefur verið tekin upp í sambandi við flestar framleiðsluvörur okkar, að bankar viðkomandi framleiðsluatvinnuvega hafa lánað út á framleiðsluna, en Seðlabanki Íslands síðan keypt afurðavíxlana. Utan við þetta eru þó enn ýmsar framleiðsluvörur, sem eru mikilvægir þættir í atvinnu margra sjávarplássna víðs vegar um land, svo sem þær, sem taldar eru í tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er flutt. Flm. þykir fullkomin ástæða til þess, að framleiðendur þeirra njóti sömu fyrirgreiðslu frá hendi peningastofnana á landinu og framleiðendur annarrar hliðstæðrar framleiðslu, og til þess að taka þar af öll tvímæli er þessi tillaga flutt.